

**Ed.**

**777. Frumvarp til laga**

[423. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað er telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem dæma skal um hvort veitingastaður telst vera fyrsta flokks. Skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar, en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Lögreglustjóri veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi nema sveitarstjórn hafi mælt með leyfisveitingu. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en 4 ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal sótt um nýtt leyfi, en fyrra leyfi gildir áfram meðan umsókn er til meðferðar. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að mati lögreglustjóra.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri telur nauðsynleg; m. a. er heimilt að binda leyfi við ákveðinn afgreiðslutíma, að það nái einungis til veitinga léttra vína eða til ákveðins hóps manna, t. d. dvalar- eða matargesta. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa leyfi sitt.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna eftirlitsins eftir reglum sem ráðherra setur, m. a. með hliðsjón af stærð veitingastaða og opnunartíma.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þ. á m. um veitingatíma, álagningu og eftirlit

með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1986.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá meginbreytingu að ákvörðunarvald um útgáfu leyfa til áfengisveitinga á veitingastað er lagt í hendur lögreglustjóra í stað dómsmálaráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að óheimilt verði að gefa út slíkt leyfi nema viðkomandi sveitarstjórn mæli með leyfisveitingu, en nú er óheimilt að veita leyfi ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd er leyfisveitingu mótfallin.

Rétt þykir að flytja ákvörðunarvald um útgáfu leyfa þessara til staðbundinna lögreglustjóra að fengnum meðmælum sveitarstjórnar sem í hlut á. Með frumvarpinu ef að lögum verður er aukin ábyrgð lögð á sveitarstjórnir í landinu, en ákvörðunarvaldi því sem dómsmálaráðherra hefur nú haldið innan lögreglustjórnarinnar. Jafnframt er tekið fram að við ákvörðun um leyfisveitingu skuli lögreglustjóri hafa hliðsjón af tilgangi áfengislaganna sem fram kemur í 1. gr. þeirra, þ. e. „að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.“

Haldið er því skilyrði að veitingastaður skuli vera fyrsta flokks að því er varðar húsakynni, veitingar og þjónustu. Til að meta það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks og til að tryggja samræmt mat um land allt er gert ráð fyrir starfsemi matsnefndar áfengisveitingastaða svo sem verið hefur.

Auk þeirra breytinga sem raktar hafa verið felur frumvarpið í sér nokkrar minni breytingar, þ. e.:

Tekið er upp hugtakið veitingastaður í stað veitingahús, sbr. lög um veitinga- og gististaði, nú lög nr. 67 28. júní 1985.

Skipunartími matsnefndar áfengisveitingastaða er ákveðinn 4 ár, sbr. 2. mgr.

Umsókn um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað í hreppi skal leggja fyrir hreppsnefnd en ekki sýslunefnd, sbr. 3. mgr.

Ákvæði er um skyldu sveitarstjórnar til að leita umsagnar áfengisvarnanefndar, sbr. 3. mgr.

Ákvæði er um gildi áfengisveitingaleyfis meðan umsókn um endurnýjun er til meðferðar og þegar nýr veitingamaður tekur við rekstri, sbr. 4. mgr.

Nánari talning er á skilyrðum sem binda má leyfi, sbr. 5. mgr.

Ákvæði er um að dómsmálaráðherra geti sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 5. mgr. Slíkar reglur yrðu settar á grundvelli áfengismálastefnu sem mótuð væri á hverjum tíma.

Ákvæði um eftirlit með áfengisveitingastöðum er gert almennra, sbr. 6. mgr.